

málshöfðunina) er alveg saklaus, þá er hér borin sakargift á stefnda, sem eigi hefir orðið réttlætt né verður réttlætt með því sem fram er komið í málinu, og verður því að ómerkja ummælin sem hér að lúta, eins og gestaréttardómurinn hefir gjört, svo og dæma áfryjanda í sekt fyrir þau, og með því að sektin er eigi of hátt ákveðin í dóminum, sem eigi er gagnáfryjað af stefnda, og málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins samþykkist, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Málskostnaðar fyrir yfirdómi hefir eigi verið krafist af stefnda, og fellur hann því niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögnm.

Mánudaginn 17. júlímánaðar.

Nr. 19/1905:

Halldór Þórðarson
 gegn
 Frímanni Bjarnasyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfryjandinn prentsmiðjueigandi Halldór Þórðarson í Reykjavík fyrir gestarétti Reykja-

vikur gegn stefnda, prentnema Frimann Bjarnasyni sama staðar fyrir rof á vinnusamningi, og var það dæmt í nefndum rétti 21. marz þ. á. þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. marz þ. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda alt að kr. 408,84 í skaðabætur fyrir rof á gjörðum vinnusamningi, eða til vara skaðabætur eftir mati óvilhallra manna eða réttarins, að hann verði fyrir brot á sáttalöggjöfinni sektaður fyrir óþarfa þrætu, og að hann verði dæmdur til að greiða áfrýjanda allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirrétti að skaðlausu eða eftir réttarins mati. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist algjörðrar sýknunar, og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum.

Hinn 21. nóv. f. á. gjörði áfrýjandinn samning við prentara þá og prentnema, er unnu í prentsmiðju hans, Félagsprentsmiðjunni, um framhald á vinnu þeirra í prentsmiðjunni og vinnufyrirkomulag. Skuldbundu starfsmenn þessir sig til að vinna í prentsmiðjunni árið frá 1. jan. til 31. des. 1905, og svo eftirleidis frá 1. jan. 1906 árlangt í senn, nema skrifleg uppsögn kæmi til 2 mánuðum fyrir árslok frá annars hvors hálfu, forstöðumanns prentsmiðjunnar eða vinnanda. Nemendur skyldu þó ekki geta sagt upp samningnum fyr en náms-tími þeirra væri á enda, en máttu þá gjöra það með sama fyrirvara, þótt eigi væri við áramót.

Fyrir rof á samningnum áttu starfsmenn að greiða húsbónda (áfrýjanda) það kaup, er þeir eftir samningnum

hefðu átt heimting á fyrir þann hluta árs, er eftir væri, og þar að auki allan innheimtukostnað skaðlaust eftir reikningi, og skyldi kaupupphæð þessi, hvað nemendur snerti, er ynnu í akkorði, ákveðin eftir meðaltali af kaupí því, er þeir hefðu haft síðustu 5 mánuðina.

Stefndi, sem var prentnemi í prentsmiðju áfrýjanda og vann þar í akkorði, undirskrifaði einnig samning þennan. En 29. desbr. f. á. tilkynnti hann áfrýjanda bréfléga, að hann ætlaði ekki að vinna í prentsmiðjunni frá 1. jan. 1905 og færði hann að visu nokkrar ástæður fyrir uppsögninni, en hann hefir ekki getað rökstutt þær eða sannað að neinu leyti gegn mótmælum áfrýjanda, og verður því að líta svo á, sem hann hafi ástæðulaust rofið samninginn 21. nóv. f. á. með því að hverfa frá vinnunni fyrir fult og alt án löglegs fyrirvara.

Þegar kemur til skaðabótakröfu áfrýjanda á hendur stefnda fyrir rof á samningnum, þá getur hann ekki krafist beint upphæðar þeirrar, miðaðrar við kauphæð stefnda, er samningurinn leggur við rofi á vinnuskuldbindingunni, því að stefndi var ófullveðja, 21 árs að aldri, er hann undirskrifaði samninginn, og var því eigi bær um að taka á sig beina skuldbindingu til fjáruhláta. En þó að stefndi eigi hafi getað tekið á sig neina slíka skuldbindingu með samningnum, til að greiða ákveðna upphæð fyrir samningsrof, og hann verði því eigi dæmdur samkvæmt aðalkröfu áfrýjanda, þá leiddi það hins vegar beint af fullgildi samningsins að öðru leyti fyrir stefnda, að hann hlaut að verða skaðabótaskyldur til áfrýjanda fyrir rof á samningnum, enda lá og viðurkenning um þetta í samningnum, þó að ákvæði hans

færi lengra í því efni en stefndi gat skuldbundið sig til, með því að tiltaka ákveðin fjárútlát, er ekki voru miðuð við tjón það, er sammingsrofið ylli. Og með því að áfryjandi hefir eftir atvikum leitt sennilegar líkur að því, að hann hafi beðið tjón af hinu ólöglega brött-hlaupi stefnda úr vinnunni í prentsmiðju hans, ber samkvæmt þessu að taka til greina varakröfu áfryjanda og dæma stefnda til að greiða honum skaðabætur fyrir sammingsrofið eftir tveggja óvilhallra dómkvaddra manna mati, þó svo, að skaðabæturnar fari eigi fram úr 408 kr. 84 a.

Það er ekki ástæða til að sekta stefnda fyrir óparfa þrætu, þó að honum hafi ekki tekist að láta mæta löglega af sinni hendi fyrir gestaréttinum þegar sátta-umleitun átti að fara þar fram. Eftir úrslitum málsins ber stefnda að greiða áfryjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi prentnemi Frímann Bjarnason greiði áfryjandanum prentsmiðjueiganda Halldóri Þórðarsyni skaðabætur fyrir missi vinnu hans í Félagsprentsmiðjunni árið frá 1. jan. til 31. desbr. 1905, eftir mati tveggja dómkvaddra óvilhallra manna, þó eigi meira en 408 kr. 84 a. Stefndi greiði og áfryjanda málskostnað fyrir báðum réttum með 30 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.